

AUGLÝSING

um umferð í Patrekshreppi.

Eftir heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968, og að fengnum tillögum hreppsnefndar Patrekshrepps hefur eftirfarandi verið ákveðið, varðandi umferð í Patrekshreppi:

1. Gatnamót Túngötu—Þórsögötu. Stöðvunarskylda gagnvart Þórsögötu. Umferðarmerki B 13.
2. Gatnamót Aðalstrætis—Urðargötu. Stöðvunarskylda og biðskylda gagnvart Aðalstræti. Umferðarmerki B 13 og A 4. Gangbrautir settar báðum megin við gatnamótin (sebrabrautir) og merktar D 2.
3. Innakstur bannaður vörubifreiðum frá Strandgötu milli húsa nr. 5 (Bakaríð) og nr. 7. Umferðarmerki B 5.
4. Framúrakstur bannaður á Aðalstræti frá gatnamótum og að kirkju. Umferðarmerki B 4 og B 4 a.
5. Einstefna á Stekkum frá Hlíðarvegi að spítalabrekku. Umferðarmerki B 2 og D 12
6. Akreinum skipt við gatnamót Aðalstrætis og Strandgötu á Geirseyri (innan við lögreglustöð) og Aðalstrætis og Eyrargötu á Vatneyri (við Vatneyrarbúðina). Umferðarmerki C 2.
7. Þá verða afmörkuð sérstök bifreiðastæði á nokkrum stöðum í kaптúninu, við opinberar byggingar og stærstu vinnustaði, og þau auðkennd með merki D 1.
8. Enn fremur verða settar öryggisgrindur á nokkrum stöðum og gatnamót löguð.

Lögreglustjórinn í Barðastrandasýslu, 1. júlí 1968.

Ásberg Sigurðsson.

20. júní 1968.

Nr. 161.

AUGLÝSING

um tollfrjálsan innflutning á vistum og búnaði vísindaleiðangra.

Ráðuneytið hefur ákveðið, með heimild í 4. tl. 3. gr. tollskrárlaga, að heimila tollfrjálsan innflutning á vistum, tækjum og öðrum búnaði, sem vísindamenn og vísindaleiðangrar frá erlendum rannsóknarstofnunum og háskólum o. þ. h. hafa meðferðis frá útlöndum til notkunar við rannsóknir sínar hér á landi.

Tollundanþágan er háð eftirtöldum skilyrðum:

1. Lögð sé fram skrifleg heimild frá Rannsóknarráði ríkisins um að viðkomandi leiðangur hafi leyfi til rannsóknarstarfsemi hér á landi.
2. Að leiðangurstjóri lýsi því yfir skriflega við viðkomandi tollyfirvöld, að innflutningurinn sé eingöngu vegna viðkomandi leiðangurs og innflutt tæki og áhöld ásamt ónotuðum vistum verði flutt úr landi við brottför leiðangursins og eigi síðar en innan árs frá komu.
3. Að innfluttar vörur séu, að dómi tollyfirvalda, hæfilegar með tilliti til starfa og verksviðs leiðangursins hér á landi.
Framangreind undanþága tekur einnig til viðskiptasöluskatts.
Vafatílfelli ber að leggja fyrir ráðuneytið.